

Reglur um útleigu íbúða í Álfagerði

fyrir eldri borgara í Sveitarfélaginu Vogum

1. Íbúðir sveitarfélagsins í Álfagerði (tvær einstaklingsíbúðir) skulu auglýstar til leigu þegar þær losna. Skilyrði fyrir að umsókn sé tekin til greina er að umsækjendur séu:
 - a. 60 ára eða eldri
 - b. Hafi átt lögheimili í sveitarfélaginu síðastliðin 3 ár eða hafi búið stóran hluta ævi sinnar í sveitarfélaginu en flutt í burtu.
2. Ef enginn umsækjandi skv. lið 1 hér að ofan uppfyllir ofangreind skilyrði eða enginn sækir um er heimilt að ráðstafa íbúðunum til annarra nota, t.d. sem gestaíbúð fyrir listamenn eða tímabundinn útleiga til annarra.
3. Við val á umsækjendum ef fleiri en einn sækja um sömu íbúð sem losnar, skal þeim umsækjanda sem metinn er í meiri þjónustuþörf standa íbúðin til boða. Við mat á umsókn er tekið tilliti til hversu lengi umsækjandi hefur átt lögheimili í sveitarfélaginu, aldurs, húsnæðisaðstæðna, þjónustu og færni umsækjanda.
4. Skriflegum umsóknum skal skilað til bæjarskrifstofu Sveitarfélagsins Voga. Ef þarf að velja milli umsækjanda skv. 3. lið hér að ofan skal Félagsþjónusta sveitarfélaganna Garðs, Sandgerðis og Voga sjá um framkvæmd matsins.

Samþykkt í bæjarstjórn Sveitarfélagsins Voga 24. apríl 2013